

## 8. fundur stjórnar ForMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Arne Vagn Olsen og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Viðburður á vegum ForMA og Hugins var tekinn til skoðunar. Þann 7. apríl stóðu ForMA og Huginn fyrir fræðsluviðburði. Samið var við Arion banka og Jón Jónsson um að standa fyrir fyrirlestri um fjármálalæsi. Um 60 nemendur og foreldrar mættu og fræddust. Jón Jónsson lauk kvöldinu með nokkrum vel völdum lögum. Stjórnir félaganna höfðu búist við meiri þátttöku. Mögulegar ástæður fyrir dræmri þátttöku gætu m.a. verið að fleiri viðburðir voru í gangi sama kvöld, margir hafa séð fyrirlesturinn áður, kynning hefði mátt vera betri og eflaust hefði þátttakan verið meiri ef tvinnnaður hefði verið saman við annan viðburður á vegum Hugins.
2. Búið er að vinna drög að breyttum lögum ForMA og ákveðið var að senda þau til Sverris Páls til prófarkarlestrar og verða þau tilbúin á næsta fundi, sem einnig er síðasti fundur skólaársins.
3. Rædd voru drög að skýrslu fyrir aðalfund. Eftirfarandi þarf að koma fram í henni: Skálaferðir, sáttmálinn sem ForMA og Huginn undirrituðu, sameiginlegur viðburður, endurskoðun laganna og samstarf við Samtaka.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur er áætlaður 12. maí kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara Ester Stefánsdóttir.